

Skýrsla stjórnar Fimleikadeildar Aftureldingar 2002-2003.

Í stjórn eru:

Formaður - Rósa Dagbjört Hilmarsdóttir
Gjaldkeri - Katrín J. Grétarsdóttir
Ritari - Hrafnhildur Sveinbjörnsdóttir
Meðstjórnandi- Sigrún B. Jónsdóttir

Þjálfarar eru:

Yfirþjálfari- Sigríður Hrund Pétursdóttir
Þjálfari - Herbert Halldórsson
Þjálfari - Rósa María Sigtryggisdóttir
Þjálfari - Anna Gréta Ólafsdóttir
Þjálfari - Halla Heimirsdóttir
Þjálfari - Sara Heimirsdóttir

Starfsárið:

Á árinu voru 9 stjórnarfundir með yfirþjálfara, einn almennur fundur með foreldrum. Einu sinni hittust stjórn og allir þjálfarar í Draumakaffi í því skyni að kynnst innbyrðis og mynda góðan kjarna.

Vorsýningin Fimleikadeildar var 27. maí 2002. Í byrjun september hófust fimleikar á ný eftir sumarfrí og voru iðkendur vorið 2002, 34 en eru nú um 90 og er það umtalsverð aukning. Fimleikadeildin er með sal 3 (gamla salinn) á mánudögum og miðvikudögum eftir skóla til kl. 17.30 og á föstudögum 15.30-16.30.

Fyrir áramót var hjá T1 og T2 video og pitsukvöld í fundarherbergi íþróttahússins. Þessi skemmtikvöld voru í umsjá tengiliða (foreldra) úr T-1 og T-2. Eftir áramót var “gryfju og tækjadagur” í fimleikasal Ármanns.

Keyptir voru fimleikabolir á allar stelpur deildarinnar haustið 2002. Bolirnir voru seldir en deildin greiddi niður um 800 kr. á bol. Fyrirhugað er að kaupa búninga fyrir drengina næsta haust. Fjórðing var í kasettutæki sem nýttist öllum hópum fimleikadeildarinnar, einnig voru smíðaðir lykjar fyrir tvo skápa sem að fimleikadeildin hefur til umráða. Núna er verið að vinna í því að fá fleiri tæki fyrir fimleikadeildina eins og hringi fyrir strákana tvær gormadínur, gormastökkbretti og að smíða utan um blásara loftdínunnar sem er mjög hávaðasamur.

Rósa Dagbjört Hilmarsdóttir
Formaður fimleikadeildarinnar